

AUGLÝSING

um afgreiðslu bæjarstjórnar Grindavíkurbæjar á tillögum að breyttu deiliskipulagi.

Iðnaðarsvæði Eyjabakka. Breytt deiliskipulag.

Bæjarstjórn Grindavíkurbæjar samþykkti þann 5. júlí 2016, óverulega breytingu á deiliskipulagi iðnaðarsvæðis Eyjabakka í Grindavík. Tillagan fjallar um stækkun byggingarreitar við Bakkalág 15. Breyting á deiliskipulagi hefur hlotið meðferð skv. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Hafnarsvæði - Hafnargata, Ránagata. Breytt deiliskipulag.

Bæjarstjórn Grindavíkurbæjar samþykkti þann 5. júlí 2016, óverulega breytingu á deiliskipulagi hafnarsvæðis – Hafnargata, Ránagata. Tillagan fjallar um stækkun byggingarreita við Seljabót 3 og Hafnargötu 28. Breyting á deiliskipulagi hefur hlotið meðferð skv. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Norðursvæði sunnan Hópsbrautar. Breytt deiliskipulag.

Bæjarstjórn Grindavíkurbæjar samþykkti þann 5. júlí 2016, óverulega breytingu á deiliskipulagi norðursvæðis sunnan Hópsbrautar. Tillagan fjallar um stækkun byggingarreita fyrir sólskála við Miðhóp 10-16. Breyting á deiliskipulagi hefur hlotið meðferð skv. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Norðan Hópsbrautar. Breytt deiliskipulag.

Bæjarstjórn Grindavíkurbæjar samþykkti þann 5. júlí 2016, óverulega breytingu á deiliskipulagi norðan Hópsbrautar. Tillagan fjallar um fjölgun íbúða við Norðurhóp 1-3-5, 7-9-11 og 50-52-54 úr þremur í fjórar. Breyting á deiliskipulagi hefur hlotið meðferð skv. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Grindavík, 5. júlí 2016.

Ármann Halldórsson skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 28. júlí 2016